

416. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn 17. desember 2015 kl. 15:00 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Þessir sátu fundinn:

Ólafur Friðriksson, formaður, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ, Sigurður Loftsson formaður LK, Sigurður Eyþórsson frkvstj. BÍ, og Rebekka Hilmarsdóttir lögfræðingur í ANR. Gunnar Þorgeirsson formaður SG og Þórarinn Pétursson formaður LS og Þórhallur Arason voru fjarverandi. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir ANR. Haft var samráð við fjarverandi nefndarmenn um afgreiðslu þessara mála.

Þetta var gert:

1. Tillaga SAM að endurskoðuðu greiðslumarki mjólkur fyrir verðlagsárið 2016. Lagt var fram bréf SAM dags. 11. desember 2015, þar sem lagt er til að greiðslumark mjólkur vegna verðlagsársins 2016 verði 136 milljónir lítra í stað 137 milljóna lítra eins og staðfest var á síðasta fundi nefndarinnar, sbr. fundargerð 415. fundar. Samþykkt var að leggja til við ráðherra að heildargreiðslumark ársins 2016 verði 136 milljónir lítra.
2. Erindi LK dags. 15. desember 2015 þar sem gerð er tillaga um að framleiðsluskylda vegna A hluta beingreiðslna fyrir verðlagsárið 2016 verði lækkuð úr 100% í 80% af greiðslumarki lögbýlis í mjólkurframleiðslu. Ráðstöfun beingreiðslna með tilliti til skiptingu í A-,B, og C- hluta eftir einstökum mánuðum verði að öðru leyti óbreytt frá yfirstandandi verðlagsári. Tillagan var staðfest.
3. Rætt var um samkomulag samkvæmt grein 6.5. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu þar sem nefndin leggur til við ráðherra að vegna uppgjör s ræktunarverkefna á árinu 2016 verði heimilað að færa 100 m.kr. úr liðnum beingreiðslur í liðinn óframleiðslutengdur stuðningur samkvæmt töflu 1. í samningnum. Úr búnaðarlagasamningnum hafa farið um 89 m.kr., sauðfjársamingi um 46 m.kr. og mjólkursamningi um 100 m.kr., en í mjólkinni hefur framlagið verið framlag ársins á eftir. Þetta misvægi kom til meðan mjólkkin fylgdi verðlagsárinu sem byrjaði 1. september. Ef ekki verður brugðist við þessu misvægi verða engir fjármunir í ræktunarverkefnið á árinu 2016. Framkvæmdanefnd leggur því til að lækka beingreiðslur um 100 m.kr. á árinu 2016 og færa þá sömu upphæð yfir á liðinn óframleiðslutengdan stuðning – til ræktunarverkefna á árinu 2016. Gengið verður frá formlegu samkomulagi samningsaðila þar að lútandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið.